

Fuglalíf í Hafnarfirði 2013

Talningar á Ástjörn, Hvaleyjarvatni og Hafnarfjarðarlæk
Unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ



Janúar 2014
Jóhann Óli Hilmarsson
Ólafur Einarsson

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Inngangur	4
Aðferðir	4
Athugunarsvæði	4
Ástjörn.....	4
Hvaleyrarvatn.....	5
Lækurinn (Hamarskotslækur)	6
Niðurstöður	6
Ástjörn.....	6
Hvaleyrarvatn.....	9
Lækurinn	12
Umræða.....	14
Ástjörn.....	14
Hvaleyrarvatn.....	15
Lækurinn	15
Lokaorð	16
Heimildir	17
Viðaukar.....	18

Allar myndir eru teknar af höfundum, nema loftmyndir eru fengnar af vef símaskrár, ja.is. Forsíðumyndin sýnir flörgoða fæða unga á hornsíli. Hornsíli er aðalfæða flörgoða.



1. mynd. Ástjörn af Ásfjalli í júlí 1996. Stararbreiðan sést vel næst til vinstri í tjörninni.


Útdráttur

Fuglar voru taldir á Ástjörn, Hvaleyrarvatni og Læknum (Hamarskotslæk) sextán sinnum á árinu 2013. Það var gert til að sjá hvort og hvaða breytingar hafi orðið á fuglalífi þessara tjarna og vatna síðan það var síðast kannað, árið 2006 (Ástjörn og Hvaleyrarvatn) og 2000 (Lækurinn).

Fuglalíf á öllum stöðunum var í góðu ástandi nú, miðað við fyrri ár. Á Ástjörn var flórigoðahámarkið 10 fuglar (5 pör), en aðeins tveir ungar komust á legg og er það lítið. Flórigoða er að fjölga á Vífilsstaðavatni, þar sem hann hóf varp fyrir nokkrum árum, en nær engir fuglar sáust á Urriðavatni sumarið 2013. Vífilsstaðavatn og Urriðavatn eru útibú frá Ástjörn. Hettumáfsvarpið er búið að ná þeirri stærð sem það var í fyrir 1996, áður en fjölgunin mikla varð þar og síðan algert hrun í kjölfar byggðarinnar í Áslandi. Álftapar varp, svo og stökkönd og skúfönd. Sílamáfur er enn algengur sumargestur. Bjarthegri sást í fyrsta sinn við Ástjörn.

Litlar breytingar urðu á Hvaleyrarvatni. Engar endur eða grágæsir fundust með unga. Sitthvort álfta- og rauðhöfðaandarparið hélt til um vorið, vonir stóðu til að álftaparið yrpi í nýju hólmunum, en það gerðist ekki. Hólmarnir standa ekki undir varpi og ef til vill er vatnagróður of fátæklegur í vatninu, svo álftarungar fáí þrífist þar. Fuglalíf á Læknum bar sömu þrjú einkenni og áður: stökkandafjöld, vetrardvöl grágæsa og álfta og sumardvöl sílamáfa og hettumáfa. Allir sækja þessir fuglar í brauðgjafir Hafnfirðinga.

Þó að engin skakkaföll hafi orðið á fuglalífi á vatnasvæðum í landi Hafnarfjarðar og allt sé þar í fremur góðu gengi, þá þurfa bæjaryfirvöld að halda vöku sinni eftir sem áður. Sérstaklega þarf að verja friðlandið Ástjörn, það hefur mikla þýðingu fyrir náttúru landshlutans og er eitt af höfuðvígjum flórigoðans á landinu. Lagt er til að samin verði verndaráætlun um svæðið, gæsla tekin upp að nýju, fræðsla aukin og sett upp skoðunarskýli. Jafnframt er ítrekað fræðslugildi Lækjarins.



2. mynd. Lækurinn að vetrarlagi. Álftir, grágæsir og stökkendur eru áberandi.

Inngangur

Á árunum 2004-2006 gerðum við úttekt á fuglalífi Ástjarnar og Hvaleyrarvatns að beiðni Hafnarfjarðarbæjar (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2007). Þar var borin saman staðan á þessum árum við talningar sem unnar voru á árunum 1993 og 2000 (Ólafur K. Nielsen 1993, Kristbjörn Egilsson o.fl. 2001). Tókum við þátt í þessum talningum (JÓH 1993 og ÓE 2000).

Þegar ljóst var að við myndum telja á Urriðavatni og Vífilsstaðavatni á árinu 2013, ákváðum við að kanna áhuga Hafnfirðinga á að telja á Ástjörn og Hvaleyrarvatni, vegna sérstöðu þeirra fyrir náttúru landshlutans. Við ámálgudum hugmyndina við Helgu Stefánsdóttur, forstöðumann umhverfis- og hönnunardeildar. Hún tók vel í málaleitan okkar og var samningur síðan undirritaður 1. maí 2013.

Tilgangurinn með talningum var að afla upplýsinga um núverandi ástand fuglalífs og hvort breytingar hafi orðið á því frá fyrri talningum í Hafnarfirði. Höfundar hafa þegar skilað skýrslu um talningar á vötnum í Garðabæ (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2013).

Aðferðir

Talið var alls 16 sinnum á Ástjörn og Hvaleyrarvatni, sem er rúmlega það sem verkáætlun gerði ráð fyrir. Auk þess töldum við jafnoft á Læknum (Hamarskotslæk) neðan (vestan) Reykjanesbrautar, en hann var einnig með í athugunum árið 2000. Talningarnar á Læknum spanna árið, því tvær vetrarfuglatalningar annars okkar (JÓH) voru teknar með. Lækurinn er hluti af talningarsvæði sem nær frá Hvaleyri að Hliði á Álftanesi. Þetta svæði er talið ásamt fjölda annarra um hver áramót í svokallaðri vetrarfuglatalningu (Náttúrufræðistofnun 2014). Einu eyðurnar í talningum á Læknum voru í febrúar – mars (3. viðauki). Yfir fartímamann, sérstaklega á vorfarinu, var talið oftár á athugunarsvæðunum en á öðrum tímum, til þess að fá betri mynd af umferð fugla í gegnum svæðið.

Ástjörn var oftast talin frá Ásbraut, nærri vesturenda Blikaáss, en einnig af hæðinni norðan við Stekka og af göngustígnum umhverfis tjörnina (3. mynd). Hvaleyrarvatn var talið af Hvaleyrarvatnsvegi og frá bílastæði við vesturendann á vatninu (4. mynd). Hafnarfjarðarlækur var talinn frá Lækjargötu, Tjarnarbraut, Skólabraut og Frímúrarahúsinu við Ljósutröð (5. mynd). Í hverri talningu voru allir fuglar taldir og greindir til tegundar. Einnig voru þeir aldurs- og kyngreindir eftir því sem þurfa þótti og mögulegt var. Notuð var 20-60×77mm fjarsjá, svo og handsjónauki. Ef talningamenn voru tveir saman, taldi annar en hinn skráði. Ef einn maður taldi, skráði hann annað hvort jafnóðum eða talaði inn á diktafón.


Tvær talningar á Ástjörn (talningarmenn Christophe Pampoulie og Edward B. Rickson) voru sóttar á skráningarvefinn eBird (eBird 2012) og ein af Hvaleyrarvatni (talningamaður ókunnur).

Athugunarsvæði

Ástjörn

Ástjörn er hraunstífluð tjörn í kvos vestan undir Ásfjalli, 4,7 ha að stærð og liggur í um 20 m hæð yfir sjó (1. og 3. mynd). Berggrunnurinn í kvosinni undir tjörninni er grágrýti. Fyrir um 3000 árum rann hraun fyrir minni kvosarinnar undir Ásfjalli og þá myndaðist Ástjörn. Þetta hraun er helluhraun og nær það til sjávar milli Hvaleyrarhöfða og Straumsvíkur. Aftur rann hraun um árið 950, tunga úr því rann inní kvosina við Ástjörn, sem fékk við það núverandi lögun sína. Ástjörn er afrennslislaus en vatnsstaðan í henni ræðst af grunnvatnsstöðunni í berginu. Innrennslí í tjörnina

kemur úr mýrunum norðan hennar og austan. Þar eru smálindir sem koma úr grágrýtinu. (Árni Hjartarson og Gunnar Sigurðsson 2001).




3. mynd. Ástjörn og nágrenni. Dökkir deplar sýna helstu talningarstaði.



4. mynd. Hvaleyjarvatn og nágrenni. Dökkir deplar sýna helstu talningarstaði. Hólmarnir sjást á vatninu efst til vinstri.


Hvaleyjarvatn

Hvaleyjarvatn er afrennslislaust stöðuvatn í dalkvos milli Vatnshlíðar og Selhöfða (4. og 21. mynd). Berggrunnurinn þar í kring er grágrýti, en allþykk jökulurð hylur hann



6. mynd. Heildartölur fugla í 18 talningum á Ástjörn árið 2013.


Strax 12. apríl voru komnir 10 **flórgoðar** (5 pör) á Ástjörn og var það hámark sumarsins. Ungafraframléiðsla var lítil, aðeins 2 ungar sáust síðsumars, líklega frá sitt hvoru þarinnu. En erfitt er að telja og fylgjast með fuglunum þegar líða tekur á sumarið, þar sem þeir halda mikið til í hinni þéttu stararbreyðu við austanverða tjörnina (7. mynd og forsíðumynd).



7. mynd. Tölur yfir stökkendur, skúfendur og flórgoða á Ástjörn í talningum 2013.

Álftir urpu í hreiður í stararbreyðunni og komu fjórum ungum á legg og var fjölskyldan á svæðinu þar til í lok ágúst. **Grágæsir** sáust af og til, en aldrei margar og ekki varð vart við varp (1. viðauki). **Skúfönd** var algengasta öndin (9. mynd) og önnur tveggja sem varp var staðfest hjá, enda er hún vel sýnileg þegar kollurnar eru að kafa með ungana á opnu vatni. Vorhámark skúfandar var 12. maí, 42 fuglar (7. mynd). Stök kolla með fjóra unga sást í júlí og ágúst. **Stökkönd** var önnur algengasta öndin, en það sáust fremur fáir fuglar (7. mynd). Stökkandakolla með unga var á Ástjörn 24. júlí. Aðrar endur voru sjaldgæfari: **rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd** og **toppönd** (1.

viðauki). Sumar þeirra hafa orpið við tjörnina á fyrri árum (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2001).



8. mynd. Tölur yfir vaðfugla við Ástjörn í talningum árið 2013.


Átta tegundir vaðfugla sáu við Ástjörn (8. mynd). Þeir voru helst áberandi á fartíma en engin úttekt á var gerð á þéttleika mófugla eins og árið 2000. **Stelkur** var algengastur, sást frá apríl og fram í júlí. **Hrossagaukur** var og tíður, 12. maí sáu 15 fuglar þegar gengið var í kringum tjörnina og 23. ágúst sást hópur 15 fugla. Aðrir vaðfuglar, sem ef til vill eru allt varpfuglar á svæðinu, voru: **tjaldur**, **heiðlóa**, **lóupræll**, **jaðrakan**, **spói** og **óðinshani**.

Hettumáfsvarp var nokkuð. Flestir hettumáfar sáu 24. apríl, 92 fuglar, en þá var varp ekki hafið (10. mynd). Varp var hafið 9. maí, þá sáu 71 fugl. Flest hreiður sáu 21. maí, 28, en það er alger lágmarkstala. Fuglarnir og hreiðrin hverfa auðveldlega í gróðurinn (22. mynd). Sennilega hefur varpið ekki verið undir 50 hreiðrum. Þann 10. júní sáu 62 fuglar í varpinu, sem er lágmarkstala. Með deilistuðlinum 1,3 (Bullock & Gomershall 1981) fáum við kringum 50 hreiður.

Ástjörn er vinsæll bað- og hvíldarstaður **sílamáfa**. Þeir voru tíðir um sumarið, flestir frá 21. maí til 7. ágúst, hámarkið var 10. júní, 195 fuglar (10. og 13. mynd). Fáeinir **silfur máfar** og **svartbakar** voru með sílamáfunum. Mjög lítið sást af **kríu** og er varpið horfið, eingöngu fáeinir fuglar í þremur athugunum (1. viðauki).



9. mynd. Skúfandarpar. Skúfönd er algengasta öndin á Ástjörn.



10. mynd. Tölur yfir algengustu máfana, hettumáf og sílamáf, á Ástjörn árið 2013.

Spörfuglar við Ástjörn voru annað hvort varpfuglar við tjörnina eða í görðum og byggingum í grenndinni. Mest sást af **stara**, enda er hann algengur varpfugl í nágrenninu og sækir töluvert í votlendið í ætisleit og þá ferðast þeir gjarnan um í hópum. **Skógarpröstur** var næstalgengastur, en hann er allalgengur varpfugl umhverfis Ástjörn. Álíka margir **auðnutittlingar** og **þúfutittlingar** sáust, sá fyrrnefndi verpur í görðum og trjáreitum, meðan sá síðari kýs opið land til varp. Aðrir spörfuglar voru **maríuerla**, **steindepill**, **svartpröstur** og **hrafm**. Svartpröstur er nýr landnemi í görðum og trjárækt á Innesjum (1. viðauki).

Bjarthegri sást við Ástjörn 12. maí, en hann hafði áður sést í Vatnsmýri við Vífilsstaði 5.-6. maí. Ekki er kunnugt um að bjarthegri hafi fyrr sést við Ástjörn (11. mynd, 1. viðauki).



11. mynd. Bjarthegri sást við Ástjörn 12. maí. Óvenju margir bjarthegrar sáust á landinu á árinu.

Hvaleyrarvatn


Alls sáust 26 fuglategundir á og við Hvaleyrarvatn í 17 talningum árið 2013 (2. viðauki). Mjög lítið sást yfir haust- og vetrartímam. Toppur var um vorið, í maílok og svo annar síðsumars, 7. ágúst (12. mynd, 2. viðauki). **Sílamáfur** var algengasti

fuglinn við vatnið og fylgja sveiflurnar í heildartölum sveiflum hjá honum (13. og 14. mynd). **Hettumáfur** var allalgengur á tímabilinu 24. apríl til 7. október, hámarkið voru 17 fuglar 17. júlí (14. mynd, 2. viðauki). **Svartbakur** sást í flestum talningum frá 10. júní til 8. september, 1-6 fuglar (14. mynd). Stakur silfurháfur sást einu sinni og stakir hvítmáfar tvisvar. **Kría** sást aðeins einu sinni, 5 fuglar þann 17. júlí.

Álfarpar hélt til á Hvaleyrarvatni frá 16. mars (þá var ís á vatninu) og fram í maílok. Það reyndi ekki varp og vafamál hvort að það sé nægilegur votlendisgróður við vatnið til þess að framfleyta álfarpari og ungum. Fáeinir **stokkendur** (1-3) sáust yfir sumarið og **grágæsir**, **rauðhöfðaendur**, **skúfendur** og **duggendur** dvöldu á vatninu um vorið. Engar toppendur sáust að þessu sinni.

Aðeins fáir vaðfuglar sáust í örfá skipti: **tjaldur**, **heiðlóa**, **hrossagaukur**, **spói** og **stelkur** (15. mynd og 2. viðauki), en vitað er að **heiðlóa**, **hrossagaukur** og **stelkur** verpa í námunda við vatnið (Jóhann Óli Hilmarsson 2013).


Spörfuglar sækja í skóginn kringum vatnið og verpa margir í honum (16. mynd). **Skógarpröstur** sást í nær öllum talningum frá 24. apríl til 17. nóvember, flestir 26 þann 17. júlí í göngu kringum vatnið. **Þúfuttlingur** sást nokkrum sinnum frá því síðla í maí til fram til ágústloka. **Starar** sáust síðsumars, flestir 50 saman þann 7. ágúst. Aðrir spörfuglar sáust í eitt eða örfá skipti, stakir eða fáeinir: **maríuerla**, **músarrindill**, **svartþröstur**, **glókollur**, **hrafni** og **auðnutittlingur** (2. viðauki). Þeir voru væntanlega allir varpfuglar nema hrafni. Svartþröstur og glókollur eru nýir landnemar, sem hafa orpið við vatnið og í Höfðaskógi um nokkurt skeið (Jóhann Óli Hilmarsson 2013).




12. mynd. Heildartölur fugla í 17 talningum við Hvaleyrarvatn árið 2013.




13. mynd. Sílamáfur er algengasti fuglinn á Hvaleyrarvatni.




14. mynd. Fjöldi algengustu máfa á Hvaleyrarvatni í talningum árið 2013.



15. mynd. Fjöldi vaðfugla við Hvaleyrarvatn í talningum árið 2013.



16. mynd. Fjöldi spurfugla í talningum við Hvaleyrarvatn árið 2013.




17. mynd. Heildartölur fugla í 16 talningum á Læknum (Hamarskotslæk) árið 2013.

Lækurinn


Alls sáust 18 tegundir fugla í 16 talningum á Læknum (Hamarskotslæk, Hafnarfjarðarlæk) árið 2013, auk aligæsa og alianda. Á 17. mynd sést að árstíðabundnar sveiflur eru með öðrum brag en á Ástjörn og Hvaleyrarvatni, mest er af fuglum þar á veturna, en minnst yfir hásumarið, Lækurinn er því mikilvægur dvalarstaður fugla í Hafnarfirði yfir vetrartímann.

Stökkönd var algengasti fuglinn á Læknum eins og við var að búast, hún sást í öllum talningum. Hámarkið var 28. desember, 175 fuglar, en fæstar stökkendur sáust 30. maí, aðeins 28 (18. og 19. mynd). Þá stendur varptími þeirra sem hæst og hverfa þær þá að mestu af Læknum. Næstur í röðinni var **sílamáfur**, hann sást í hverri talningu frá 12. apríl til 8. september, flestir 132 þann 9. maí. Sílamáfurinn er farfugl og hverfur á veturna (20. mynd). Þriðji tíðasti fuglinn var **grágæs**. Hún er vetrargestur, var mest áberandi frá október fram í apríl (hámarkið 141 þann 17. nóvember). Frá 21. maí til 8. september sáust varla grágæsir (19. mynd). Fjórði tíðasti fuglinn var **hettumáfur**. Hann er vetrargestur við Lækinn, sást frá því í september fram í apríl, hámarkið var 110 fuglar 17. nóvember (20. mynd). Fáeinir fuglar sáust um sumarið, en þó engir í ágúst. Loks skal telja **álftina**, sem var fimmti algengasti fuglinn (19. mynd). Hún er vetrargestur, sást frá 8. september til 9. maí, en flestar sáust yfir háveturinn. Hámarkið var 5. janúar, 28 fuglar.


Urtönd dvaldi á Læknum öðru hvoru yfir veturinn, 2-4 fuglar sáust frá september til apríl. **Gulandarsteggur** sást 17. nóvember. **Stelkur** var eini vaðfuglinn sem skráður var í talningum á Læknum, tveir sáust 7. ágúst. **Dvergmáfur**, **stormmáfur**, **silfurmáfur**, **bjartmáfur**, **hvítmáfur** og **svartbakur** voru allir strjálir, stakir eða fáir fuglar sáust á stangli (3. viðauki). Dvergmáfur er þeirra sjaldgæfastur, árlegur gestur sem hefur orpið hérlendis. **Skógarpröstur**, **svartpröstur**, **hrafni** og **stari** voru allt vetrargestir, sem sáust stakir eða í litlum hópum (stari). Nokkrar aliendur (2-6) og aligæsir (2-4) sáust í flestum talningum (3. viðauki).



18. mynd. Stökkönd blakar vængjum á Læknum, þar er hún algengasti fuglinn.



19. mynd. Niðurstöður talninga á álft, grágæs og stökkönd á Læknum árið 2013.



20. mynd. Heildartölur hettumáfs og sílamáfs í talningum á Læknum árið 2013.

Umræða

Ástjörn

Fuglalíf á Ástjörn virðist vera á góðu róli, en mikil niðursveifla varð þar þegar Áslandshverfið var byggt, á árunum 1999-2002. Þá hrundi t.d. hettumáfsvarpið algerlega, en næstu árin á undan, 1996-1999 var þar stærsta hettumáfsvarp á SV-landi, um 800 hreiður. Það var í kjölfar þess að máfarnir fluttu sig frá Bessastaðatjörn tímabundið yfir á Ástjörn (JÓH óbirt). Árið 2004 urpu engir hettumáfar, 2005 voru hreiðrin aðeins 5 og 2006 urpu allavega 40 pör. Nú, 2013, voru hreiðrin um 50. Áður en varpið óx uppúr öllu valdi, árið 1996, voru yfirleitt 60-70 pör í varpinu. Það virðist því vera að ná þeirri stærð á ný. Viðkoma hettumáfsins hefur vafalaust talsverð áhrif á flórgoðann, en hann sækist gjarnan eftir að verpa í hettumáfsvörpum. Það gera einnig endur, en hettumáfurinn sér um loftvarnir í byggð sinni svipað og krían. Einstaka ungar fara þó í hettumáfgogg og virðast andfuglar og flórgoði tilbúnir í slíkan fórnarkostnað (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2007, Ólafur K. Nielsen 1993, Kristbjörn Egilsson o.fl. 2001).

Flórgoðahámarkið nú voru 10 fuglar eða 5 pör. Það er innan þeirra marka sem þekkt eru frá árinu 1954 til vorra daga, þeir hafa verið á bilinu 8-14 á þessum 60 árum. Aðeins tveir ungar komust á legg, væntanlega frá sitthvoru parinu. Það telst vera lítið. Flórgoðarnir á Ástjörn tengjast flórgoðum á Urriðavatni og Vífilsstaðavatni, lítið hefur verið á fuglana á þessum þremur vötnum sem staðbundinn stofn, með höfuðstöðvar á Ástjörn. Nú sást aðeins einn flórgoði á Urriðavatni um sumarið og ekkert benti til varps. Flórgoði hefur orpið óreglulega við vatnið allavega frá 1972. Sennilega hefur varpið aldrei verið blómlegra en 2008, þegar fjögur pör með unga voru á Urriðavatni. En árið áður sást aðeins stakur fugl og 4-5 fuglar árið þar áður (2006). Flórgoðinn hefur aftur á móti verið að sækja í sig veðrið á Vífilsstaðavatni. Þar sáust í maí og júní sáust mest 6 fuglar (þegar hámarkið var á Ástjörn), en þeim fjölgaði uppí 12 (6 pör) í júlí. Flestir sáust 15 þann 8. september. Ekki tókst að aldursgreina alla þá fugla. Flórgoðar hófu að verpa við Vífilsstaðavatn 2008 og hafa orpið þar síðan, en voru og eru reyndar enn fyrst og fremst síðsumargestir þar. Hugsanlega skortir þá varpstaði, þeir virtust ekki laðast að litlum starabreiðum í Vatnsbotnum og víðar við austanvert vatnið, heldur valdi varpparið sér stein fyrir allra augum. Við Ástjörn og Urriðavatn skortir hins vegar ekki varpstaði, þar sem flórgoðar verpa venjulega í stararbreiðum (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2007, 2007 og 2013, Ólafur K. Nielsen 1993, Kristbjörn Egilsson o.fl. 2001).

Álftir voru farnar að verpa aftur við Ástjörn 2004, eftir um 13 ára hlé. Þær hafa sennilega orpið reglulega síðan og komu nú upp fjórum ungum, eins og árin 2004-2006 (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2007). Andavarp var með hefðbundnum hætti, sitthvor stokkandar- og skúfandarkollan sást með unga. Tala anda var með venjubundnum hætti, nema vorhámark skúfanda var óvenjuhátt eða 42 fuglar. Sömuleiðis virtust bæði vaðfuglar og spörfuglar vera á svipuðu róli og í meðalári.

Krían hefur ekki snúið til baka, en varpið var liðið undir lok árið 2004 (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2007). Varpið var á milli 1 og 200 hreiður áður en byggt var í Áslandi (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2001). Byggðin og umferð manna og dýra sem henni fylgir, hefur fælt kríuna frá og svo hefur verið plantað trjám á varpsvæði hennar, sem fyrirbyggir algerlega að hún snúi til baka í varpið.



21. mynd. Hólmarnir í Hvaleyrarvatni. Myndin er tekin 12. apríl 2013, þá var skæni á öllu vatninu.

Hvaleyrarvatn

Fuglalíf við Hvaleyrarvatn er svipað og í athugunum 2004-06. Engir vatnafuglar hafa bæst við sem varpfuglar, þó við hefðum gert okkur vonir um að álfir og jafnvel rauðhöfðar kynnu að verpa, en sitthvort parið hélt til á vatninu um vorið. Við urðum ekki varir við toppendur, sem kann að vera vegna þess að hætt er að sleppa fiski í vatnið. Þó ættu að þær að geta nærst á hornsílum. Engar stökkendur né grágæsir sást með unga nú. Þessar þrjár tegundir andafugla hafa allar orpið við vatnið (Jóhann Óli Hilmarsson 2013). Lág vatnsstaða kann að hafa áhrif á varp andfugla, þar sem stór hluti strandsvæða var á þurru á liðnu sumri. Sílamáfi hefur fjölgað, svo og hettumáfi. Sílamáfar koma nú meira á Hvaleyrarvatn til þess að hvílast og baðast en þeir gerðu .

Nýgerðir hólmur í vatninu gætu ef til vill laðað að fleiri vatnafugla til varps. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar lét útbúa hólmanna fyrir styrk sem því áskotnaðist úr ræktunarsjóði Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson og eru þeir hluti af stærra verkefni sem tengist skógrækt í lúpínubreiðum í Vatnshlíð (Jóhann Óli Hilmarsson 2013). Framtíkið er gott, en því miður eru hólmarnir illa hannaðir að mörgu leyti (21. mynd). Þeir eru of háir og of stutt frá landi, þannig að auðveldlega er gegnt í þá. Með því að lækka þá aðeins og fjarlægja nyrsta hólmann yrðu þeir fuglavænni en nú. Þetta er ekki alveg sú gerð hólma sem við sáum fyrir okkur að gerðir yrðu og við stungum uppá í skýrslunni um fuglalíf 2004-06 (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2007). Vatnsborð sveiflast mikið í vatninu, það mun hafa verið hátt þegar hólmarnir voru gerðir (Steinar Björgvinsson, munnl. uppl.).

Lækurinn

Hamarskotslækur var ekki skoðaður af höfundum 2004-06, en þar var talið bæði 1993 og 1999-2000. Sömu megineinkenni mátti sjá nú og þá: fjöldi stökkanda árið um kring, hópar máfa á sumrin og veturseta álfra og gæsa. Það eru brauðgjafir fólks sem laða að þessa fugla. Gildi Lækjarins felst í gæfum fuglum, sem laðast að brauðgjöfum

og staðsetningu hans í miðjum bænum. Hér komast börn og fullorðnir í návígi við fugla; þetta er eini staðurinn í Hafnarfirði þar sem slíkt er mögulegt. Fræðslugildi er því ótvírætt, sérstaklega vegna nábylilisins við Lækjarskóla.

Lokaorð

Flest það sem kemur fram hér í lokaorðum hefur verið sagt áður, en góð vísa er aldrei of oft kveðin.


- Tryggja þarf umferðarbann og sérstaklega umferð hunda og katta um friðlandið við Ástjörn. Það er best gert með virku eftirliti.
- Fram fari kerfisbundin minkaleit og eyðing á hverju vori við Ástjörn.
- Vöktun; að árlega verði fylgst með fjölda og afkomu flórgoða. Æskilegt er að vakta fuglalíf á Ástjörn á 1-3 ára fresti, með svipuðum hætti og gert er hér. Jafnframt er æskilegt að fylgjast með framgangi fugla á Hvaleyrarvatni og Læknum.
- Gera þarf verndaráætlun og stefnumörkun fyrir friðlandið og fólkvanginn við Ástjörn. Fjarlægja þarf ræktuð tré og ágengar plöntur úr friðlandinu og fólkvanginum. Minnt er á að með því að skilgreina svæði sem fólkvang og friðland er verið að leggja áherslu á villta náttúru og þróun hennar á eigin forsendum. Skógrækt er andstæð því markmiði og eru önnur svæði tekin frá til þeirra nota.
- Auka má fræðslu við Ástjörn og setja upp fuglaskoðunarskýli, eins og lengi hefur staðið til og bæta þannig aðstöðu til fuglaskoðunar og kynningar á náttúrufari svæðisins.
- Stöðugt þarf að brýna um fyrir almenningi og sérstaklega íbúum nærliggjandi hverfa, mikilvægi Ástjarnar fyrir fuglalíf og skyldur þeirra við flórgoðann og mikilvægi tjarnarinnar fyrir framtíð hans.
- Við höfum áður lagt til hölmagerð í Hvaleyrarvatni, en reiknuðum með að þeir yrðu fuglavænni, bæta má úr þessu og lagfæra hólmana.
- Að nýta Lækinn í meira mæli til fræðslu á fuglum, gróðri og smádýralífi fyrir skóla og almenning.



22. mynd. Hettumáfur með hreiðurefni á varpstað í stararbreiðu, eins við Ástjörn.

Heimildir

- Árni Hjartarson og Gunnar Sigurðsson 2001. *Vatnafar Hamarskotslækjar, Ástjarnar og Hvaleyrarvatns*. 27–44. Í: Náttúrufar á vatnasvæðum í landi Hafnarfjarðar. Umhverfisúttekt (Ingibjörg Kaldal ritstj.). Orkustofnun, OS-2001/064. Unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ. 140 s.
- Bullock, I.D. & C.H. Gomershall 1981. *The breeding population of terns in Orkney and Shetland in 1980*. - Bird Study 28(3):187-200.
- eBird 2012. eBird: *An online database of bird distribution and abundance* [web application]. eBird, Cornell Lab of Ornithology, Ithaca, New York. <http://www.ebird.org>. (Skoðað 20.01.2014).
- Guðlaugur Rúnar Guðmundsson 2001. *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*. Safn til sögu Garðabæjar III. Garðabær, 165 bls.
- Ingibjörg Kaldal (ritstj.) 2001. *Náttúrufar á vatnasvæðum í landi Hafnarfjarðar. Umhverfisúttekt*. Orkustofnun, OS-2001/064. Unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ. 140 s.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2013. *Fuglarnir við Hvaleyrarvatn og í Höfðaskógi*. Sumarhúsið og garðurinn 2 tbl., 21. árg. (73): 42-44.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2006. *Fuglar á vötnum og votlendi í Garðabæ 2000, 2004 og 2005*. Unnið fyrir umhverfisnefnd Garðabæjar, 33 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2007. *Fuglar við Ástjörn og Hvaleyrarvatn 2004-2006*. Talningar unnar fyrir Hafnarfjarðarbæ, 8 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2013. *Fuglalíf í Garðabæ 2013. Talningar á Arnarnesvogi, Vífilsstaðavatni, Urriðavatni og í Vatnsmýri*. Unnið fyrir umhverfisnefnd Garðabæjar, 30 bls.
- Kristbjörn Egilsson, Ólafur Einarsson & Guðmundur Guðjónsson 2001. *Gróður og fuglalíf við Hamarskotslæk, Hvaleyrarvatn og Ástjörn*. Bls. 81-140 Í: Náttúrufar á vatnasvæðum í landi Hafnarfjarðar. Umhverfisúttekt (Ingibjörg Kaldal ritstj.). Orkustofnun, OS-2001/064, unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ, 140 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2014. *Vetrarfuglatalning*. <http://www.ni.is/dyralif/fuglar/vetrarfuglar/>
- Ólafur K. Nielsen 1993. *Fuglalíf við vötn ofan Hafnarfjarðar og Garðabæjar*. Verkefni unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ. 33 bls.



23. mynd. Þessi grafandarsteggur hélt til á Læknum um árabíl. Hann sást þó ekki 2013.

Viðaukar

1. Viðauki. Niðurstöður 18 talninga á Ástjörn árið 2013. Tvær talningar (feitletraðar dagsetningar) eru af skráningarvefnum eBird.

Fuglar/Dags.	10.2.	16.3.	12.4.	24.4.	1.5.	5.5.	9.5.	12.5.	21.5.	30.5.	10.6.	8.7.	24.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	17.11.
Álft				2	2	2	2	2	2	6	6	6	6	6		2		
Grágæs	8		3		7			12	4		5						6	
Rauðhöfðaönd							2											
Urtönd									1								2	
Stökkönd			2	2	1	10		6				3	4	1	4	5		
Skúfönd		2	3	14	18	10	10	42	15	8	7		13	5	8	4		
Duggönd								2		2							2	
Toppönd				1				2	3									
Flórigoði			10	8	10	10	6	6	6	7	5	3	1	1	2	4	1	
Bjarthegri								1										
Tjaldur						4			2									
Heiðlóa					1	4		2	1									
Lóupræll							1											
Hrossagaukur								15	1						15			
Jaðrakan						2			1	1	2							
Spói									1									
Stelkur				1		6		9	5		2	2						
Óðinshani											2							
Hettumáfur				92		75	71	48	35	28	62	52	9					
Silfurmáfur								2	1									
Sílamáfur			1	18	25		19	11	88	30	195	115	13	158	15	5		
Svartbakur					2		2											
Kría								6		2	4							
Þúfutittlingur						4	1	4	1									
Maríuerla								1	1						1			
Steindepill							1	5										
Skógarþröstur			3	1		10		2	2									
Svartþröstur						2												
Hrafn				2					1									
Stari					7	10	1	6			12	20			12			
Auðnutittlingur						6	2	3	1									
Alls	8	2	22	141	73	155	118	187	172	84	302	201	46	171	57	24	7	0
Talningamenn						EBR		CP										

2. viðauki. Niðurstöður 17 talninga á Hvaleyrarvatni árið 2013. Feitletruð dagsetning er talning af vefnum eBird (talingamáður óþekktur).

Fuglar/Dags.	10.2.	16.3.	12.4.	24.4.	1.5.	9.5.	21.5.	30.5.	10.6.	8.7.	17.7.	24.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	17.11.
Álft		2	2	2			2	2									
Grágæs			6	4		1											
Rauðhöfðaönd				2	2		1										
Stökkönd				2		1	2		2		2			1	3		
Skúfönd							4	2									
Duggönd							2	2	2								
Tjaldur							1										
Heiðlóa							1			3							
Hrossagaukur					1					1	2						
Spói								1									
Stelkur								1									
Hettumáfur				2				1			17	3	5		2	1	
Silfur máfur								1									
Sílamáfur				3	1	15		63	4	47	21	42	75	94	18		
Hvít máfur											1			1			
Svartbakur									1	2	2	6		5	2		
Kría											5						
Þúfuttlingur							1			3	24	1		1			
Maríuerla											7						
Músarrindill											2						
Skógarþröstur				6	3	4	1	1	2	5	26		3	2	3		1
Svartþröstur			1								1						
Glókollur														1			
Hrafn									1		1						
Stari											18	1	50	3			
Auðnutittlingur			1							1							
Alls	0	2	10	21	7	21	15	74	12	62	129	53	133	108	28	1	1

3. viðauki. Niðurstöður 16 talninga á Læknum (Hamarskotslæk) árið 2013.

Fuglar/Dags.	5.1.	12.4.	24.4.	1.5.	9.5.	21.5.	30.5.	10.6.	8.7.	24.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	17.11.	28.12.
Álft	28	11		6	2								3	2	8	26
Grágæs	84	16	10	10	3	1	1	1					3	65	141	99
Urtönd	3		2										2		4	2
Stökkönd	158	102	77	88	56	70	28	60	73	32	60	53	65	163	150	175
Gulönd															1	
Stelkur											2					
Hettumáfur	79	13	8	1		3		3	4				12	102	110	13
Dvergmáfur		1														
Stormmáfur	6													2	2	1
Silfurmáfur		1						1					2		1	
Sílamáfur		94	82	25	132	93	37	55	36	77	78	65	22			
Bjartmáfur		4	1		1										2	6
Hvítmáfur											1		1	1		
Svartbakur				1	4		2				1		1	2		
Skógarpröstur															1	
Svartpröstur															1	
Hrafn	4															
Stari	7	6	3			1							4	4		5
Aliönd	6	2		2	2			2	2	2	2	2	2	2	2	2
Aligæs		2		4	4			2	3	4	4	4	4	3		
Alls	375	252	183	137	204	168	68	124	118	115	148	124	121	346	423	329

